



## **Priðjudaginn 30. apríl 2012 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.**

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Grímur Guðmundsson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Sonja Suska, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Skýrsla skólastjóra
3. Skóladagatal 2012-2013
4. Ráðning skólastjóra
5. Önnur mál

### **1. Fundarsetning.**

Formaður setti fund kl. 20.30 og bauð fundarmenn velkomna.

### **2. Skýrsla skólastjóra.**

Nemendur frá Húnavallaskóla tóku þátt í skólahreysti á Norðurlandi og höfnuðu í 4 sæti, en 9 skólar tóku þátt. Danskennsla var í eina viku og lauk með danssýningu nemenda. Nemendur tóku þátt í Íþróttadegi á Blönduósi. Húnavallaskóli átti þrjá fulltrúa á skákmóti, kjördæmismóti og tveir unnu sína flokka og unnu þeir þar með rétt til að sækja landsmót í skólaskák sem fram fer á Stórutjörnum um næstu helgi. Vortónleikar tónlistarskólans voru 23. apríl s.l. Tónlistarverkefnið, tónlist fyrir alla, kom í heimsókn í skólann þriðjudaginn 24. apríl. Vorpróf hófust við skólann á miðvikudag í síðustu viku. Vorverkefni hefst 7. maí n.k. Lokadagur skóla verður 24. maí og skólaslit 25. maí. Fjórir starfsdagar verða eftir skólastlit

Leikskólabörn á Vallabóli ásamt börnum af Barnabæ á Blönduósi fóru í útskriftarferð í Steinkot 17. og 18. apríl. Útskriftarhátíð leikskólabarna verður mánudaginn 7. maí.

### **3. Skóladagatal 2012-2013.**

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali vegna skólaársins 2012-2013. Þar er gert ráð fyrir að skólasetning verði 23. ágúst 2012. Vorverkefni hefjist 13. maí 2013. Starfsdagar kennara utan skólatíma verði 8 og skólaslit verði 29. maí 2013. Fræðslunefnd gerir ráð fyrir að afgreiða skóladagatal 2012-2013 á næsta fundi.

### **4. Ráðning skólastjóra.**

Sigríður B. Aadnegard hefur lýst yfir áhuga sínum á að gegna áfram starfi skólastjóra við leik- og grunnskólann á Húnavöllum. Fræðslunefnd samþykkti samhljóða að mæla með því við hreppsnefnd Húnavatnshrepps að Sigríður verði fastráðin sem skólastjóri við leik- og grunnskóla Húnavatnshrepps.

### **5. Önnur mál.**

Hafin er undirbúningur við vinnu að skólafestefnu.

Kynntur var úrskurður innanríkisráðuneytis frá 10 apríl s.l. í stjórnsýslumáli nr. IRR11080220,

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.00